



LÆSISSTEFNA SVEITARFÉLAGSINS ÖLFUSS



Læsisstefna leik-og grunnskóla í Ölfusi

Læsi er hverjum einstaklingi mikilvægt til þess að hafa skilning á eigin samfélagi og geta tekið virkan þátt í því. Einn af grunnþáttum aðalnámskrár leik- og grunnskóla er læsi í víðum skilningi. Vinna að sameiginlegri læsisstefnu hófst árið 2016 með því að stofnaður var stýrihópur um verkefnið.

Grunnur að læsi hefst við máltöku og íslenskar sem og erlendar rannsóknir hafa staðfest að samhengi er á milli málþroska og lestrarnáms leikskólabarna og lestrarfærni þeirra síðar á skólagöngunni. Því er mikilvægt að líta á lestrarnámið sem feril sem byggir á faglegri vinnu og samvinnu frá því að máltaka hefst og þar til barn lýkur grunnskólagöngu sinni.

Í þessari stefnu er leitast við að samfella sé í læsinnámi barna frá 1-16 ára. Lögð er áhersla á fagleg vinnubrögð til að efla málþroska

og læsi. Lestarnám og málörvun barna er eitt viðamesta samvinnuverkefni heimila og skóla og því er mikilvægt að foreldrar taki virkan þátt og fái leiðbeiningar og aðstoð frá skólunum. Í stefnunni er lögð áhersla á samvinnu og mikilvægi þess að lestur sé jákvæð samvera og mikilvægur hluti af daglegu lífi barna. Einnig eru lagðar fram tillögur að því hvernig best er að styðja við bakið á þeim börnum sem þurfa sérstaka aðstoð.

Stefnumótun um læsi og lestrarnám er einn lykilþáttur í að árangur náist þannig að öll börn búi við sömu tækifæri til náms og virkrar þátttöku í samfélagi sínu. Læsi er lykill að framtíðinni!

Dagný Erlendsdóttir, skólastjóri Leikskólans Bergheima

Ólína Þorleifsdóttir, skólastjóri Grunnskólans í Þorlákshöfn



Þjóðarsáttmáli um læsi

Samningur ríkis og sveitarfélaga



Sveitarfélagið Ölfus og mennta- og menningarmálaráðherra gera með sér eftirfarandi samning:

Með undirritun okkar staðfestum við sameiginlegan skilning á því að læsi sé nauðsynlegt til virktrar þátttöku í samfélaginu þannig að hver og einn geti nýtt hæfileika sína sjálfum sér og samfélaginu öllu til velferðar. Við munum vinna að því eftir fremsta megni að a.m.k. 90% nemenda í sveitarfélaginu geti lesið sér til gagns árið 2018. Þegar meðaltal viðustu fimm ára í leskúlningshlutan samræmdra prófa í 10. bekk í Íslandi í sveitarfélaginu Ölfusi eru gerðar sambærilegar við niðurstöður PISA frá 2012 ná 79% nemenda þessu markmiði.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur í samræmi við stefnu sem lýnt er í Hvítbók um umbætur í menntun ákveðið að heina kröfum sínum að því að auka lestrarfærni og læsi ungs fólks á Íslandi. Sjóðir á vegum ráðuneytisins á leik- og grunnskólastigi verða með sérstaka áherslu á lestur og læsi meðan samningurinn er í gildi. Menntamálastofnun hefur verið falið framkvæmd eins og náðar er tilgreint í samningi þessum og gerður verður sérstakur samningur við Heimili og skóla, landsamtök foreldra.

Menntamálastofnun:

- Veitir sveitarfélaginu stuðning og ráðgjöf við að ná markmiðum sínum.
- Lætur skólum í té viðeigandi skununarpróf.
- Aðstoðar kennara í sveitarfélaginu við að greina niðurstöður mælinga og ákveða aðgerðir í kjölfarið.
- Rætur virka upplýsingagætt þar sem þekkingu um læsi, kennslu og þróunarstarf verður miðað til skólasamfélagsins.
- Efnir til álegrar námsstefnu um læsi.

Sveitarfélagið Ölfus:

- Setur sér markvissa læsisstefnu í samræmi við ákveðið í aðalnámskrá leik- og grunnskóla.
- Ákveður lágmarksviðmið um lestraraða, leskúlning, orðaförðu og ritfærni í samræmi við aðalnámskrá.
- Mæltir reglubundnið lestraraða, leskúlning, ljúðkerfivinnud og málþroska og nýttir niðurstöður þeirra og samræmdra könnunarprófa á markvissan hátt.
- Beiðir snemmtækri íðlun í leik- og grunnskólum og bregðir jafnóðum við viðbendingum um lestrarvanda.
- Nýttir markvissar sérfræðipjónustu sína til ráðgjafar, gæiningar og eftirfylgni.
- Veitir nemendum af erlendum uppreuna sérstakan stuðning með það fyrir augum að þeir nái virku nýtingu og sömu viðmiðum í læsi og aðrir nemendur.
- Leggur áherslu á samvinnu við foreldra og foreldrahlög til að ná markmiðum samningsins.


Mennta- og menningarmálaráðherra
15.09.15
Dagur Dagsson


Sveitarfélagið Ölfus
Guðmundur Örn
Heimili og skóla, landsamtök foreldra



Þjóðarsáttmáli um læsi

Í september 2015 undirritaði bæjarstjóri Ölfuss fyrir hönd sveitarfélagsins, þjóðarsáttmála um læsi. Sá sáttmáli varð til eftir að menntamálayfirvöld ákváðu að hrinda í framkvæmd stórfelldum aðgerðum til að auka og bæta lestur og læsi á Íslandi.



Uppbygging lestrarkennslu í Ölfusi - leikskóli og grunnskóli

Lestur er lykill að öllu námi og því leggja skólar í Ölfusi áherslu á markvissan undirbúning lestrarkennslu í leikskóla og skýra stefnu í lestrarkennslu og þjálfun í grunnskóla. Mikilvægt er að vekja strax áhuga á lestri og viðhalda honum alla skólagönguna.

Í leikskóla er markvisst unnið að því að vekja áhuga barna á tungumálinu og efla og þjálfa alla þætti þess. Litið er á íslensku sem skapandi efnivið og þess gætt að málörvandi efni og tæki séu ætíð til taks. Barnið er í brennidepli og ávallt unnið út frá stöðu þess og áhugasviði. Lestur fjölbreyttra bóka, söngur, vísur, þulur, spil, leikir og markvissar umræður eru grundvallartæki í málörvun og læsisþjálfun leikskólabarna í Leikskólanum Bergheimum.

Á yngsta stigi grunnskólans fer fram áframhaldandi málörvun á sömu nótum og í leikskóla. Þá fer einnig fram markviss þjálfun í grunnfærni lestrar og ritunar. Nemendur geti í lok þessa stigs lesið einfalda texta sér til gagns og gamans og miðlað innihaldinu í gegnum ritun eða annað tjáningarform. Þá skulu nemendur lesa upphátt heima a.m.k. fimm sinnum í viku.

Á miðstigi grunnskóla fer fram áframhaldandi lestrarþjálfun í skóla og heima. Nemendur læra að beita fjölbreyttri lestrartækni og lestrarlagi, allt eftir því hvers konar texti er lesinn. Þá fer fram ritunarkennsla samhliða lestrarnáminu og áhersla lögð á fjölbreytta textagerð.

Á unglingastigi er þjálfun í lestri og ritun haldið áfram og lögð áhersla á að nemendur geti lesið fjölbreytta texta af öryggi og með skilningi. Þeir þurfa að geta valið og beitt mismunandi lestraraðferðum og geta greint ólíkar textagerðir. Á elsta stigi grunnskóla er mikilvægt að nemendur hafi náð góðri færni í ritun og geti tjáð hugmyndir sínar og skoðanir á skipulegan og rökréttan hátt, hvort sem er í töluðu eða rituðu máli.

Á öllum skólastigum er lögð áhersla á það að nota fjölbreyttar aðferðir til að auka orðaforða, málskilning og lesskilning og kenna nemendum að finna upplýsingar, meta þær og nýta á réttan hátt.

Lestarfærni nemenda er metin skipulega alla skólagönguna og snemmtækri íhlutun beitt til að finna nemendur sem eru í áhættu varðandi læsi. Mat á lestrarfærni er ætíð nýtt til að taka ákvarðanir um áframhald lestrarþjálfunar.

Umfram allt er öllum ráðum beitt til að vekja og viðhalda lestraránægju nemenda og hvetja þá til lestrar með öllum tiltækum ráðum. Fjölbreyttar bókmenntir auka víðsýni lesenda og veita þeim tækifæri til að kynnast veröldinni frá ólíkum sjónarhornum. Því er góð lestrarfærni grundvöllur allrar menntunar í víðustum skilningi þess orðs.

Grunnpættir læsis

Orðaforði

Orðaforði er safn orða sem einstaklingur skilur og getur notað til að hlusta, tala, lesa og skrifa. Því meiri orðaforða sem einstaklingur býr yfir, því betur er hann í stakk búin til að takast á við lestrarnámið.

Tjáning

Tjáning er hluti af málþroska barna. Tjáningu þarf að efla með margvíslegum hætti og með fjölbreyttum efniviði. Mikilvægt er að börn fái tækifæri til að hlusta og tjá sig. Hafa ber í huga að tala ekki einfalt mál við börn og nota ekki einhæfan orðaforða.

Hljóðkerfisvitund

Hljóðkerfisvitund er heyrnrænt næmi einstaklingsins fyrir uppbyggingu tungumálsins. Hljóðkerfisvitund er talin gegna lykilhlutverki í lestrar- og stafsetningarnámi, einkum á fyrstu stigum þess þegar börn eru að ná tökum á samvörun stafs og hljóðs. Niðurstöður fjölda langtímarannsókna hafa einnig sýnt að hljóðkerfisvitund á leikskólaaldri veitir sterka forspá fyrir lestrarörðugleikum

Umskráning

Umskráning er þegar einstaklingur breytir bókstöfum í hljóð, tengir hljóðin saman og myndar orð sem hann skilur. Með endurteknum lestri og þjálfun festast orð og orðhlutar í minni einstaklingsins, lesfimi eykst og hann getur farið að einbeita sér að innihaldi textans.

Lesskilningur

Lesskilningur er flókin hugræn úrvinnsla sem fræðimönnum hefur reynst erfitt að útskýra. Góður lesskilningur byggir meðal annars á góðum málskilningi, orðaforða, bakgrunnsþekkingu og ályktunarhæfni. Til að lestur texta gagnist þarf nemandi að skilja 98% orðanna. Lestur og fjölbreytt lesefni eykur þessa færni.

Ritun

Ritun og lestur eru gagnvirkir ferli og ætti að kenna samhliða. Ritun er notuð til að skrá orð, hugsanir og tungumálið niður og geta gripið til þess seinna. Ritun hvetur til meiri lestrar og lesskilningur eykst.

Leikskóli

1-2 ára



Læsisstefna
Sveitarfélagsins Ölfuss

Áherslur

- Efla orðaforða
- Efla mál- og hlustunarskilning
- Læra boðskiptareglur
- Efla stærri þætti hljóðkerfisvitundar
- Þekkja bókstafinn sem nafn nemenda byrjar á

Leiðir

- Daglegur lestur bóka fyrir nemendur
- Söng- og samverustundir
- Leika með rím og klappa samstöfur
- Kennarar vandi mál sitt og setji orð á allar athafnir
- Hafa ritmálið sýnilegt

Leikskóli

3-4 ára



Læsisstefna
Sveitarfélagsins Ölfuss

Áherslur

- Efla orðaforða
- Efla mál- og hlustunarskilning
- Efla tjáningu
- Efla og bæta við þáttum hljóðkerfisvitundar
- Læra bókstafi og hljóð þeirra
- Skrifa nafnið sitt

Leiðir

- Daglegur samræðulestur
- Markviss þjálfun hljóðkerfisvitundar
- Bókstafanám, hljóð og rita þá

Leikskóli

5-6 ára



Læsisstefna
Sveitarfélagsins Ölfuss

Áherslur

- Efla orðaforða
- Efla mál- og hlustunarskilning
- Efla tjáningu
- Efla smærri þætti hljóðkerfisvitundar
- Efla hljóðavitund
- Þekkja bókstafina og hljóð þeirra

Leiðir

- Daglegur samræðulestur
- Efla smæstu þætti hljóðkerfisvitundar og hljóðavitund
- Markviss bókstafakennsla
- Söng- og samverustundir
- Frjálst aðgengi að efnivið tengdum lestri og ritun

Grunnskóli, áherslur í læsiskennslu - vikuáætlun

	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Lesið fyrir börnin og unnið með texta	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5
Hljóðkerfisvitund. Bókstafir og hljóð	5	5	Eftir þörfum	Eftir þörfum	Eftir þörfum	-	-	-	-	-
Skólalestur – lesið upphátt	A.m.k. 4x	A.m.k. 4 x	A.m.k. 4x	A.m.k. 4x	3-5x	3-5x	3-5x	*	*	*
Heimalestur	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5
Yndislestur í skóla	A.m.k. 4x	A.m.k. 4x	A.m.k. 4x	A.m.k. 4x	5	5	5	5	5	5
Unnið með orðaforða/málskilning/lesskilning	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5
PALS/býflugnalestur	-	Á vorönn	Á vorönn	Á vorönn	Á vorönn	Á vorönn	Á vorönn	Í lotum	Í lotum	Í lotum
Sam-/framsagnar-/paralestur	-	1	2	3	Á haustönn	Á haustönn	Báðar annir	1-2x í mán.	1-2x í mán.	1-2x í mán.
Stafsetning	5	5	5	5	5	5	5	1	1	1
Ritun	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5
Skólabókasafn	Eftir þörfum	=>	=>	=>	=>	=>	=>	=>	=>	=>
Mínútulestur – hraðlestrarnámsk.	-	Á vorönn	Á vorönn	Á vorönn	Á vorönn	Á vorönn	Á vorönn	Eftir þörfum	Eftir þörfum	E.þ.
Orð á mínútu í lok skólaárs viðmið MMS	20/50/75	40/85/100	55/100/120	80/120/145	90/140/160	105/155/175	120/165/190	130/180/210	140/180/210	145/180/210

Mikilvægt er að hafa í huga að í skólanum fer lestrarkennsla fram en þjálfunin fer fram heima. Foreldrar eru mikilvægar fyrirmyndir barna sinna og þau börn sem alast upp við jákvætt lestrarhvetjandi umhverfi, sjá foreldra sína lesa og upplifa að bækur og ritmál sé hluti af daglegu umhverfi, læra að njóta lestrar.

* Þeir nemendur sem þurfa að bæta sjálfvirkni er gefinn kostur á að lesa upphátt nokkrum sinnum í viku fyrir kennara.

Aldur	Skimun	Tími	Framkvæmd
2.2 – 5 ára	TRAS	Á sex mánaða fresti	Deildarstjórar og leikskólakennarar með réttindi. Börn með frávik fá viðeigandi íhlutun
2 og hálf árs	Brigance og PEDS		Samstarf milli ungbarnaeftirlits HSU og leikskólans
4 ára	Brigance og PEDS		Samstarf milli ungbarnaeftirlits HSU og leikskólans
5 ára	Hljóm-2	Október og aftur í febrúar ef þarf	Deildarstjórar og leikskólakennarar með réttindi fyrir Hljóm-2

Aldur	Skimun	Tími	Framkvæmd
1. bekkur Allir	Stafaþekking Tove Krogh, teikniþróf Lesferill, lesskimunarþróf Lesferill, lesfimi Hreyfiþroskaþróf	September September og maí Október Janúar og maí Janúar/febrúar	Sérkennari / umsjónarkennari Sérkennari Sérkennari Sérkennari Sérkennari
2. bekkur	Lesferill, lesfimi Stafsetning, Aston Index	Sept., jan. og maí Október	Sérkennari Sérkennari
3. bekkur	Lesferill, lesfimi Talnalykill (stærðfræði) Stafsetning, Aston Index Orðarún 1 Orðarún 2	Sept., jan. og maí September Október Október Apríl	Sérkennari Sérkennari Sérkennari Umsjónarkennari/Sérkennari Umsjónarkennari/Sérkennari
4. bekkur	Lesferill, lesfimi Stafsetning, Aston Index Orðarún 1 Orðarún 2	Sept., jan. og maí Október Október apríl	Sérkennari Sérkennari Umsjónarkennari/Sérkennari Umsjónarkennari/Sérkennari

Aldur	Skimun	Tími	Framkvæmd
5. bekkur	Lesferill, lesfimi Stafsetning, Aston Index Talnýkill, stærðfræði Orðarún 1 Orðarún 2	Sept., jan. og maí Október Október Október Apríl	Sérkennari Sérkennari Sérkennari Sérkennari/umsjónarkennari Sérkennari/ umsjónarkennari
6. bekkur	Lesferill, lesfimi Stafsetning, Aston Index Orðarún 1 Orðarún 2	Sept., jan. og maí Október Október Apríl	Sérkennari Sérkennari Sérkennari/umsjónarkennari Sérkennari/umsjónarkennari
7. bekkur	Lesferill, lesfimi Stafsetning, Aston Index Orðarún 1 Orðarún 2	Sept., jan. og maí Október Október Apríl	Sérkennari Sérkennari Sérkennari/umsjónarkennari Sérkennari/umsjónarkennari

Aldur	Skimun	Tími	Framkvæmd
8. bekkur	Lesferill, lesfimi Talnalykill, stærðfræði Orðarún 1 Orðarún 2	Sept., jan. og maí Október Október Apríl	Sérkennari Sérkennari Sérkennari/umsjónarkennari Sérkennari/ umsjónarkennari
9. bekkur	Lesferill, lesfimi Stafsetning, GPR 14	Sept., jan. og maí Október	Sérkennari Sérkennari
10. bekkur	Lesferill, lesfimi	Sept., jan. og maí	Sérkennari

Nemendur



Læsisstefna
Sveitarfélagsins Ölfuss

Áherslur

- Að markmið og námsefni hæfi þroska og áhuga hvers nemanda
- Bregðast strax við ef grunur vaknar um frávik í málþroska eða lestrarerfiðleika
- Að skimanir og námsmat sé notað til að meta framfarir hvers og eins

Leiðir

- Skima eftir frávikum á báðum skólastigum
- Beita snemmtækri íhlutun
- Gera einstaklingasnámskrár fyrir nemendur með frávik
- Nota fjölbreyttar kennsluaðferðir
- Fá sérfræðiaðstoð ef þess þarf

Lestrarmenning



Læsisstefna
Sveitarfélagsins Ölfuss

Áherslur

- Að ritmál sé sýnilegt í umhverfinu
- Nemendur hafi frjálstan aðgang að bókum
- Að starfsemi bæjarbókasafns og skólasafna séu vettvangur lestrarmenningar og ýti undir lestraráhuga barna
- Efla lestraráhuga í gegnum áhugasvið nemenda
- Efla sumarlestur í samvinnu við bæjarbókasafn og heimili

Leiðir

- Auka læsishvetjandi efni og bækur í umhverfinu
- Skipuleggja lestrarstundir á bókasafninu
- Fara í skipulagðar heimsóknir á bæjarbókasafn og skólasafn

Samstarf heimilis og skóla



Læsisstefna
Sveitarfélagsins Ölfuss

Áherslur

- Foreldrar þekki hlutverk sitt í þróun læsis
- Fræða og styðja foreldra í læsisuppeldi barna
- Auka samstarf milli foreldra og kennara
- Að afla upplýsinga hjá foreldrum sem skipta máli varðandi málþroska og lestrarþróun barna þeirra

Leiðir

- Upplýsa um mikilvægi samveru og samtals fyrir málhæfni barna
- Upplýsa foreldra um gagnsemi snemmtækrar íhlutunar
- Fræðsla um læsi
- Kynna sér viðmið sem sett eru varðandi frammistöðu í læsi

Íslenska sem annað mál

Áherslur

- Auka orðaforðakennslu á öllum aldursstigum
- Hafa túlkaþjónustu aðgengilega

Leiðir

- Stuðningskennsla í íslensku
- Kennsla í litlum hópum
- Einstaklingskennsla ef þörf er fyrir það



Læsisstefna
Sveitarfélagsins Ölfuss

Starfspróun kennara

Áherslur

- Að skólarnir hafi á að skipa vel menntuðu og hæfu fagfólki
- Að kennarar fái tíma til samráðs vegna læsiskennslu
- Að kennarar hafi aðgang að námskeiðum í læsisfræðum

Leiðir

- Fjölga tækifærum til endurmenntunar í læsiskennslu
- Virk læsisteymi í skólunum sem hafa gott svigrúm til að hittast og halda fundi
- Að nægt svigrúm sé til samráðs vegna læsiskennslu
- Að kennarar lesi fagbækur í leshópum – skiptist á upplýsingum
- Nýta gagnreyndar aðferðir til að styrkja læsi.



Læsisstefna
Sveitarfélagsins Ölfuss

Rýnihópur um læsisstefnu Ölfuss

Elsa Þorgilsdóttir

Guðríður A. Sveinsdóttir

Helena Helgadóttir

Helena Jóhannsdóttir

Helga Helgadóttir

Ragnheiður María Hannesdóttir

Ragnhildur Þorsteinsdóttir

Sigprúður Harðardóttir

Unnur E. Malmquist

Verkefnisstjórar

Helena Helgadóttir

Ingibjörg Þorleifsdóttir

Ragnhildur Þorsteinsdóttir